

og yfirsifti Skildinganes 1916 og 1917. Síðan ræður til vesturs þvervegurinn sjálfur þangað til hann kemur í veginn frá Skildinganesi til Reykjavíkur. Því næst ræður sá vegur að landamerkjum Skildinganes og Reykjavíkur. Þar eftir ráða þau landamerki niður í Skerjafjörð, en að öðru leyti ræður Skerjafjörður meðfram ofangreindu svæði.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

REIKNINGUR

34

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1927.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1926:			
a. Veðdeildarbrjef	kr.	19000	00
b. Sparisjóðsinnstæða	—	736	00
c. Hjá reikningshaldara	—	353	25
			kr. 20089 93
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbrjefum	kr.	821	25
b. Af sparisjóðsinnstæðu	—	117	64
			— 938 89
			Kr. 21028 82

Gjöld:

1. Greitt Hvanneyrarpresti	kr.	140	00
2. Styrkur til sr. Ásmundar Gíslasonar	—	400	00
3. Auglýsingar í Lögbirtingablað	—	9	00
4. Eign í árslok 1927:			
a. Veðdeildarbrjef	kr.	17500	00
b. Sparisjóðsinnstæða	—	2626	57
c. Hjá reikningshaldara	—	353	25
			— 20479 82
			Kr. 21028 82

Biskupinn yfir Íslandi,
Reykjavík, 17. febrúar 1928.

Jón Helgason.